

niður. Halldór Jón Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

**Úrskurðarorð:**

Hin umbeðna lögaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. desember 1983.

Nr. 129/1981. **Jón Ólafsson**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sýsluvegasjóði Árnassýslu**

(Sigurður Baldursson hrl.).

Vegaskattur. Synjað um lögtak.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1981, að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins 21. maí 1981 samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um framkvæmd lögtaks. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af skrá þeirri frá Fasteignamati ríkisins frá 26. nóvember 1978, sem er grundvöllur að álagningu vegaskatts þess, sem um er fjallað í máli þessu.

Samkvæmt giróseðli þeim, sem sendur var áfrýjanda og frá er greint í hinum áfrýjaða úrskurði, var hann krafinn um vegaskatt af fasteign, sem auðkennd var: „Fasteign nr. 9600 — 0560 ÖND-VERÐARNES 1 NR. 56 GRÍMSNESHREPPUR.“ Þar var fast-

eignamat lands skráð 524 þúsund krónur en húss 3.870 þúsund krónur. Samkvæmt fyrrgreindri skrá er Grímsneshreppur skráður eigandi lands þessa, en áfrýjandi skráður eigandi hússins.

Gögn máls þessa sýna, að áfrýjandi hefur á leigu landspildu frá félögum múrara og múrarmeistara í Reykjavík í landi Öndverðar-ness I. Hann hefur hins vegar ekki neina landspildu á leigu þar frá Grímsneshreppi og hefur ekki reist þar hús. Samkvæmt þessu þykir ljóst, að álagning vegaskattsins sé byggð á röngum grundvelli. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað lögtaks.

Stefndi, Sýsluvegasjóður Árnessýslu, greiði áfrýjanda, Jóni Ólafssyni, 10.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fúgetaréttar Árnessýslu 27. mars 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., er þannig til komið, að 2 þ. m. var það fyrir tekið í fúgetarétti Árnessýslu, háðum á lóð nr. 56 í Öndverðarneslandi í Grímsneshreppi, að gera lögtak fyrir vegaskatti af þeirri lóð, álögðum skv. 23. gr. vegalaga nr. 6/1977 fyrir árið 1979, kr. 163.00. Af hálfu Jóns Ólafsson var mættur héraðsdómslögmaður Gunnar Sæmundsson, sem mótmælti lögtakinu, krafðist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og óskaði eftir fresti til að leggja fram skrifleg mótmæli. Í þinghaldi 13. þ. m. lagði talsmaður gerðarþola fram skrifleg mótmæli. Í sama þinghaldi skýrði talsmaður gerðarbeiðanda dráttarvaxtakröfu sýsluvegasjóðs þannig, að krafist væri hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 1. jan. 1981 til greiðsludags.

Fúgeti reyndi sættir, en án árangurs. Í framhaldi af ákvörðun fúgeta um skriflegan málflutning var málið tekið til úrskurðar í umræddu þinghaldi 13. þ. m.

Málavextir eru þeir, að umrædd lóð nr. 56, eign Múrarafélags Reykjavíkur, var leigð Jóni Ólafssyni til 10 ára frá 15. júní 1971 að telja með forleigu-rétti að þeim tíma liðnum. Snemma á árinu 1980 var Jón Ólafsson með útsendum giróseðli krafinn um vegaskatt af umræddri lóð, álgðum fyrir árið 1979 skv. 23. gr. vegalaga nr. 6/1977. Enginn ágreiningur er um það atriði, að umrædd lóð nr. 56 í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi er eign Múrarafélags Reykjavíkur, en seld gerðarpóla á leigu sem sumar-bústaðalóð, og að umrædd lóð er án mannvirkja.

Talsmaður gerðarpóla mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar á þeirri forsendu, að á lóðinni séu enginn mannvirki og að lóðin sé ekki eign gerðarpóla og að Jón Ólafsson sé því ekki vegaskattsskyldur skv. 23. gr. vegalaga nr. 6/1977, en þar segir m.a.

„Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupþúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð.“

Í 23. gr. vegalaga er kveðið svo á um, að vegaskattur skuli nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatssverði mannvirkja landa og lóða, þó aldrei lægri upphæð en lágmarksgjald, er ákvarðast skv. 21. gr. laganna og var fyrir árið 1979 kr. 163.00. Þar sem ákvörðun vegaskatts skv. 23. gr. er á fasteignamati byggð, er að áliti fógeta ekki óeðlilegt að líta svo á, að við innheimtuna megi styðjast við lög um skráningu og mat fasteigna um fasteignahugtak það, sem skattskyldan miðast við.

Í 2. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna er hugtakið fasteign skilgreint þannig:

„Fasteign skv. lögum þessum telst annað tveggja:

1. Land, þ. e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar— eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkjia getur talist sjálfstæð eind.“ Umrædd lóð nr. 56 í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi hefur verið afmörkuð og leigð gerðarpóla til hér greindra afnota, þ. e. til að reisa þar sumarhús skv. leigusamningi þar um, sem liggur frammi í málinu. Samkvæmt því hefur lóðin verið færð sem sérstök fasteign á fasteignaskrá og skráð þar á nafn Jóns Ólafssonar. Lóðin verður því að teljast fasteign í skilningi 23. gr. vegalaga, og er því rétt að leggja á þá eign vegaskatt. Ekki breytir það því niðurstöðunni hvorki um gjaldskylduna né um upphæð skattsins, hvort hafist hafi verið handa um byggingu mannvirkja á lóðinni, því lágmarksgjald ársins 1979, kr. 163.00, er ríflega 3.0 af þúsundi fasteignamatssverðs, jafnvel glæsilegustu sumarhúsa skv. fasteignamati því, sem innheimtunni er lagt til grundvallar.

Nú segir í 23. gr. vegalaga, að eigandi fasteignar skuli greiða vegaskatt af eign sinni. Þinglýstur eigandi lóðarinnar er Múrarafélag Reykjavíkur,

leigutaki hefur hins vegar verið krafinn um vegaskattinn. Byggist þetta á því sjónarmiði að jafna lóðaleiguréttindum til eignarhalds og leggja því gjaldið á leigutaka. Slík sjónarmið hafa verið lögfest að því er varðar fasteignaskatt til sveitarfélaga. Í 4. gr. laga nr. 68/1973 (sic) um tekjustofna sveitarfélaga segir í 2. mgr. um greiðslu fasteignaskatta: „Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.“

Þetta er enn fremur í samræmi við leigusamning aðilja um lóðina, en þar segir í 4. gr.: „Leigutaki greiðir skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða lögð verða á hina leigðu lóð.“

Það er því rökrétt og eðlilegt að beina innheimtu vegaskatts af lóð nr. 56 í landi Öndverðarness I að leigutaka, Jóni Ólafssyni. Vegaskattur af umræddri lóð hefur verið á lagður skv. skýru ákvæði 23. gr. vegalaga nr. 6/1977, því fylgir lögtaksréttur skv. sömu lagagrein. Almennur lögtaksúrskurður fyrir vegaskatti ársins 1979, álögðum í Árnassýslu, hefur verið upp kveðinn og löglega virtur. Af hálfu gerðarþola var við upphaf gerðarinnar mætt og því samþykkt fyrirtekt á umræddum stað. Ekkert hefur því fram komið, sem hamli því, að hin umbeðna gerð fari fram. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Halldór Jón Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.